

## Breytingar á deiliskipulagi frístundabyggðar í Dagverðardal

**Til** : Skipulag <skipulag@isafjordur.is>  
**Frá** : Jón Grétar Magnússon <jon@m11.is>  
**CC** : Axel Rodriguez Överby <axelov@isafjordur.is>; Helga Þuríður Magnúsdóttir <helgathuridur@isafjordur.is>; Hugrún Þorsteinsdóttir <hugrun@m11.is>  
**Heiti** : Breytingar á deiliskipulagi frístundabyggðar í Dagverðardal  
**Málsnúmer** : 2025040135  
**Málsaðili** : Fjallasýn ehf.  
**Skráð dags** : 10.04.2025 11:34:30  
**Höfundur** : Jón Grétar Magnússon <jon@m11.is>  
**Viðhengi** : [2015 Dagverðardalur-Deiliskipulagsbreyting 10042025.pdf](#)  
[Outlook-zkjcebc1.png](#)

Daginn,

Fyrir hönd Fjallasýnar óska ég eftir því að meðfylgjandi tillaga að breytingu deiliskipulags fyrir frístundabyggð í Skutulsfirði verði tekin fyrir hjá Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar og fái efnislega meðferð hjá sveitarfélaginu.

Núverandi deiliskipulag öðlaðist gildi 25. október 2024. Breytingartillagan felur í sér að skilgreiningum á samtals átta lóðum verði breytt. Samkvæmt grein 4.3 í greinargerð deiliskipulagsins eru lóðir sem heimilt er að nýta sem gististaði merktar appelsínugulu á uppdrætti.

Breytingin sem lögð er til felur í sér að fjórar lóðir breytist úr gulum (frístundalóðir) í appelsínugulan lit (frístundalóðir til útleigu) og að fjórum lóðum verði breytt úr appelsínugulum (frístundalóðir til útleigu) í gulan (frístundalóðir). Hlutfallið milli gulu svæðanna (frístundalóðir) og appelsínugulu svæðanna (frístundalóðir til útleigu) helst þar með óbreytt, í samræmi við ákvæði í grein 4.3 deiliskipulagsins.

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar deiliskipulagsins.

Uppdráttur með tillögunni fylgir í viðhengi.

Vinsamlega staðfestið móttöku þessarar beiðni og upplýsið um næstu skref í málinu.

Kveðja,  
**Jón Grétar Magnússon**  
Byggingafræðingur  
Sími: +354 8666099  
Hellusund 6  
101 Reykjavík  
[m11 arkitektar á instagram](#)